

Alþingi  
vt. Nefndasvið  
v/ Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

22. mars 2012

Tilvísun: 2012030022/10.4

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um hlutaskrá og safnreikninga (gagnsæi eignarhalds hlutafélaga), 111. mál**

Visað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 8. mars sl., þar sem óskað var umsagnar Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um hlutaskrá og safnreikninga (gagnsæi eignarhalds hlutafélaga), 111. mál.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að tilgangur og markmið þess sé að stuðla að gagnsæi á eignarhaldi fyrirtækja. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ná þessu markmiði með tvennum hætti. Annars vegar með því að gera hlutafélögum og einkahlutafélögum skylt að tryggja aðgang að hlutaskrá félaganna og hins vegar með því að gera Fjármálaeftirlitinu skylt að birta opinberlega og uppfæra skrá fyrir eignarhluti í hlutafélögum og einkahlutafélögum sem varðveittir eru á safnreikningi.

Fjármálaeftirlitið mun hér að neðan einungis koma á framfæri athugasemdum vegna 1. gr. frumvarpsins sem snýr að starfsemi stofnunarinnar.

**1. gr. frumvarpsins**

Í greininni er lagt til að Fjármálaeftirlitið birti opinberlega og uppfæri skrá yfir eignarhluti í hlutafélögum og einkahlutafélögum sem varðveittir eru á safnreikningi ásamt upplýsingum um hverjir séu eigendur þeirra. Í greinargerðinni kemur fram að þessu sé ætlað að tryggja gagnsæi á eignarhaldi fyrirtækja. Í því samhengi kemur fram að ákvæðið sé í anda þeirra breytinga sem gerðar voru á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sbr. 1. gr. laga nr. 20/2009 um gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins.

Rétt er að taka fram að tilvitnað ákvæði sem nú er 9. gr. a laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi felur í sér heimild til handa Fjármálaeftirlitsins til að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum sem byggja á þeim lögum. Þeir aðilar sem falla undir lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi eru svokallaðir eftirlitsskyldir aðilar sem taldir eru upp í 2. gr. laganna. Geta því niðurstöður og athuganir sem birtar eru á grundvelli 9. gr. a eingöngu tengst málum sem beinast að eftirlitsskyldum aðilum.

Frumvarp þetta gengur mun lengra 9. gr. a laga nr. 87/1998 þar sem Fjármálaeftirlitinu er ætlað að birta upplýsingar um hluthafa á safnreikningum hvort sem um er að ræða eftirlitsskylda aðila eða almenn hlutafélög og einkahlutafélög. Samkvæmt lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög er sérstökum aðila, hlutafélagaskrá, falið eftirlitshlutverk með framangreindum félögum. Það er mat Fjármálaeftirlitsins að með ákvæðinu sé verið að útvíkka hlutverk þess þannig að það nái til félaga sem nú þegar heyr



## FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

undir annað stjórnvald.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur m.a. fram að flókin hagsmunatengsl fárra viðskiptablokka hafi átt þátt í að illa fór í bankahruninu og að ætla verði með hliðsjón af lögbundnu hlutverki Fjármálaeftirlitsins að það verji hluta af tíma sínum í að átta sig á tengslum lögaðila innbyrðis til að komast að því hverjir séu raunverulegir eigendur fjármálafyrirtækja. Frá því í október 2008 hafa verið gerðar töluverðar umbætur á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, einkum með lögum nr. 75/2010, með það markmið í huga að stuðla að gagnsærra eignarhaldi á fjármálafyrirtækjum, sporna við krosseignartengslum, draga úr áhrifum einstakra hluthafa og þeim áhrifum sem krossstjórnarseta hefur í för með sér. Í því samhengi er eftirfarandi nefnt:

1. Birting upplýsinga á heimasíðu viðkomandi fjármálafyrirtækis um eignarhald yfir 5% sbr. 4. mgr. 19. gr laganna.
2. Skrá um þá aðila sem njóta lánaþingreiðslu umfram 300 m.kr. sbr. 1. mgr. 17. gr. a.
3. Skrá um lánaþingreiðslu til tengdra aðila sbr. 2. mgr. 17. gr. a.
4. Strangari ákvæði um stórar áhættuskuldbindingar og um skilgreiningu á tengdum aðilum sbr. 30. gr.
5. Leiki vafi á um hver sé raunverulegur eigandi hlutar í fjármálafyrirtæki leiðir það til þess að Fjármálaeftirlitið samþykkir aðila ekki sem eiganda virks eignarhlutar sbr. 49. gr. a.
6. Ákvæði sem takmarka krossstjórnarsetu sbr. 4. mgr. 52. gr.

Ennfremur er rétt að geta reglna nr. 162/2011 um fyrirreiðslur fjármálafyrirtækis til stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, lykilstarfsmanna og þeirra sem eiga virkan eignarhlut í því, eða aðila í nánnum tengslum við framangreinda. Með reglunum hefur verið girt mjög fyrir fyrirreiðslur fjármálafyrirtækis til nefndra aðila.

Það er mat Fjármálaeftirlitsins að framangreind atriði stuðli að því markmiði að koma í veg fyrir að þær aðstæður skapist sem voru til staðar í aðdraganda falls bankanna auk þess sem stofnunin getur á hverjum tíma kallað eftir hlutaskrá hlutafélaga og einkahlutafélaga á grundvelli 3. mgr. 9. gr. laga nr. 87/1998.

Mat Fjármálaeftirlitsins er því að boðaðar breytingar á lögum nr. 87/1998 samkvæmt frumvarpi þessu séu óþarfar auk þess sem þær séu háðar vissum annmörkum sbr. framanritað.

Að öðru leyti gerir Fjármálaeftirlitið ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

*Halldóra E. Ólafsd.*  
Halldóra E. Ólafsdóttir

*Guðrún Áslaug Jösepsd.*  
Guðrún Áslaug Jösepsdóttir